



Borgarráð

Rekstrarsamningur við Svæðisfélagið í Mjódd.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að veita Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609, heimild til þess að gera samning við Svæðisfélagið í Mjódd, kt. 470285-0369, um greiðslu fyrir rekstur og viðhald bílastæða í Mjódd frá og með 1. janúar.2019 með þeim fyrirvara að samhliða gerð hans verði gengið frá lóðarleigusamningum fyrir þær eignir í Mjóddinni sem eru án lóðarleigusamninga.

Greinargerð: Lóðum í Mjóddinni var úthlutað með úthlutunarbréfi sem samþykkt var í borgarráði 2. ágúst 1977 sem byggði á bréfi skrifstofustjóra borgarverkfræðings dagsettu 4. júlí 1977. Samkvæmt því skyldi Reykjavíkurborg greiða fyrir viðhald og rekstur bílastæða í Mjóddinni. Gengið var frá samkomulagi við Svæðisfélagið í Mjódd þann 7. mars 2012 um greiðslu fyrir rekstur og viðhald bílastæða í Mjódd sem gildi frá 1. janúar 2012 - 1. janúar 2019. Byggir skuldbinding Reykjavíkurborgar í umræddum samningi á ákvæði í úthlutunarbréfi lóðanna í Mjódd. Flestar lóðirnar í Mjóddinni eru án lóðarleigusamnings.

Er rétt að skilyrða framlengingu þessa sem byggir á upphaflegri úthlutun við það að gengið verði frá útistandandi og ófrágengum lóðarleigusamningum. Sjá sérstaka ósk til borgarráðs um það mál í máli R18020155.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Þjónustusamningur um hirðingu bílastæða í Mjódd, dags. 7. mars 2012.

Minnisblað. Mjóddin - viðhalds og rekstrarsamningur, dags. 23. febrúar 2018

Þjónustusamningur Um hirðingu bílastæða í Mjódd

Samningsaðilar

Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkur, kt. 570480-0149 f.h. Reykjavíkurborgar Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, hér eftir nefndur verkkaupi og Svæðisfélagið í Mjódd, kt. 470285-0369, Álfabakka 14a, 109 Reykjavík, hér eftir nefndur verksali, gera með sér svohljóðandi þjónustusamning um hirðingu tiltekinna bílastæða í Mjóddinni í Reykjavík.

Skilgreining þjónustunnar

Verksali annast umsjón, hreinsun bílastæða og gönguleiða og losun ruslastampa á og umhverfis bílastæði í Mjóddinni, sem merkt eru á meðfylgjandi yfirlitsmynd með bláum og rauðum lit. Tíðni hreinsunar og losunar verður samkvæmt meðfylgjandi yfirliti. Verksali kemur ruslinu til urðunar á viðeigandi stað samkvæmt reglum þar að lútandi.

Verksali leggur til allan mannskap, tæki, verkfæri og rekstrarvörur sem hann þarf til þjónustunnar og greiðir gjöld vegna hennar.

Samningstími og breyttar forsendur

Samningur þessi skal gilda í sjö ár frá 1. janúar 2012 að telja og lýkur honum sjálfkrafa, án uppsagnar af hálfu samningsaðila, sé hann ekki framlengdur.

Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Verkkaupi greiðir kr. 3.297.788,- án vsk. á ári. Samningurinn skal verðbættur miðað við launavísitölu í desember 2011 (418,2 stig) og skal samningsfjárhæðin taka sömu breytingum og vísitalan hverju sinni. Þó skal samningsfjárhæðin aldrei vera lægri en upphafleg umsamin fjárhæð. Samningsfjárhæðin greiðist með tólf jöfnum greiðslum. Verksali skal senda reikning vegna framkvæmdrar þjónustu þar sem sundurliðað er í hverju þjónustan fólst. Gjaldddagi skal vera 30 dögum eftir dagsetningu reiknings.

Framsal réttinda og þjónustuskylda

Verksala er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum nema með samþykki verkkaupa. Verksala er óheimilt, án samþykkis verkkaupa, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti. Verksali getur falið undirverktaka að taka að sér verkið, að hluta eða öllu leyti, samkvæmt samningnum en skyldur verksala gagnvart verkkaupa breytast í engu við það.

Innra eftirlit, upplýsingagjöf verktaka, eftirlit verkkaupa

Verkin skulu unnin í góðu samráði verkkaupa og verksala. Verkkaupi fylgist með gæðum þjónustunnar á hverjum tíma og hefur fullan aðgang að vinnusvæðum og gögnum um verkin.



Ýmis ákvæði

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, hvort handa sínum aðila.

Telji annar samningsaðili að hinn hafi vanefnt ákvæði samnings þessa skal hann skriflega skora á gagnaðila að bæta úr vanefnd og setja hæfilega fresti til úrbóta. Skulu aðilar þá taka upp vinsamlegar viðræður um úrbætur.

Teljist vanefndin veruleg er aðila heimilt að rifta samningnum, þó ekki án tilkynningar og undangenginna sáttumleitana, sbr. 2. mgr.

Meðferð ágreiningsmála

Komi til ágreinings um efni samnings þessa eða efndir, sem aðilar ná ekki að greiða úr með samkomulagi, skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 7. mars 2012


F.h. verkkaupa



F.h. verksala



Vitundarvottar:



kt.

081253-5879

kt.

250766-8251



Skyrtingar

- Afnörkun svæða sem tilheyra Svæðisfélagi Mjóddar.
- Rustastampar innan svæðis.

Fylgippráttur með samkomulagi milli Reykjavíkurborgar og Svæðisfélagsins í Mjódd vegna reksturs á svæðum.

Svæðisfélagið í Mjódd tekur að sér rekstur á svæði merktu A og B að undanskildu svæði C og D.

Útg. Daga. Skýring. Brátt:

Mjódd
Afnörkun svæða vegna reksturs Svæðisfélagsins í Mjódd

Talкана af: 1/8
 Vithárd af: 1:1500@A3
 Dagssetning: 22.05.2011
 Málkvæði: 1:1500@A3
 Hildur Guðmundsdóttir 140546-2439
 Frey Friðriksson 170470-4669
 Ólafur P. Friðriksson 280289-9228
 Snjólaug A. Þingsson 230160-4489
 Sigríður Guðmundsdóttir 01063-4039
 Faxlaun 9
 108, Reykjavík
 Sími: 545 1600 Fax: 545 1616
 Þrg@Þrg.is www.Þrg.is





MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skrifstofa eigna og atvinnuþróunar - Hrólfur Jónsson

Sendandi: Magnús Ingi Erlingsson

Mjóddin - viðhalds og rekstrarsamningur.

Gerðir voru tveir samningar um uppgjör á viðhalds og rekstrarskyldu Reykjavíkurborgar þann 7. mars 2012. Byggja þeir á ákvæði í úthlutunarbréfi lóða í Mjóddinni sem kveður á um að viðhald og rekstur bílastæðanna skuli vera í höndum borgarsjóðs. Skylda þessi er ótímabundin og gildir því inn í framtíðina nema sérstakur endir verði bundinn á hana sem allir úthlutunarhafar samþykkja. Stefnt er að því að nýr rekstrarsamningur verði til tilgreinds tíma og hætti síðan þ.e. að kröfuafsal fari fram í samningum við Svæðisfélagið. Náist ekki samkomulag kann að skapast tækifæri til þess að skuldajafna upphæð til rekstrar- og viðhalds við uppgjör á byggingarréttar sem samþykktur verður á svæðinu - komi til þess.

Nýjir lódaleigusamningar hafa að geyma ákvæði um að greiða skuli markaðsverð fyrir byggingarrétt sem samþykktur verður á hverri lóð fyrir sig. Samningsmarkmið SEA er að gera viðhalds- og rekstrarsamning til 10 ára sem verði ekki endurnýjaður gegn því að Svæðisfélagið f.h. eigenda afsali sér frekari kröfum á hendur Reykjavíkurborg á grundvelli úthlutunarbréfs dags. 4. júlí 1977 sem staðfest var á fundi borgarráðs 2. ágúst 1977. Nýr samningur við Svæðisfélag Mjóddarinnar verður gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og verður því síðar kynntur fyrir því áður en hann öðlast gildi.

Magnús Ingi Erlingsson